

Ed. 305. Frumvarp til laga [144. mál]

um flokkun og mat á gærum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

I. KAFLI

Um flokkun á gærum við móttöku fjár á sláturstað.

1. gr.

Allar gæru, sem til sölumeðferðar koma, skulu flokkaðar við móttöku fjár í sláturhúsi. Flokkunin skal framkvæmd af lögskipuðum gærumatsmönnum og lögð til grundvallar við útreikning á verði gæranna til einstakra framleiðenda. Við flokkunina skal taka tillit til ástands, eðlisgæða og litar gæranna samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

II. KAFLI

Um sölumat á gærum við afhendingu.

2. gr.

Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrir mælum lögskipaðra gærumatsmanna um fláningu, kælingu, söltun, frágang og geymslu gæra. Gærumatsmaður skal yfirfara

gæurnar við afhendingu, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Í vottorðinu skal tilgreina tölu og nettó þyngd saltlausra gæra. Nánari ákvæði um framkvæmd sölumats og gerð vottorðs skal setja í reglugerð.

III. KAFLI

Um starfsmenn við gærumat.

3. gr.

Lögreglustjóri skipar gærumatsmenn einn eða fleiri hjá hverjum sláturleyfishafa, eftir tillögum yfirkærumatsmanna. Skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á gærumati, með því að hafa starfað að því, eða á annan hátt. Landbúnaðarráðherra skipar yfirkærumatsmenn samkvæmt tilnefningu gærumatsformanns. Skulu þeir vera 4 og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði. Landbúnaðarráðherra skipar gærumatsformann. Skal hann vera sérfróður í öllu því, sem að framleiðslu, meðferð og geymslu gæra lýtur. Skal hann veita gærumatsmönnum og yfirkærumatsmönnum fræðslu um flokkun gæra og framkvæmd gærumatsins. Er yfirkærumatsmönnum og gærumatsmönnum skylt að haga gærumatinu eftir fyrirmælum hans, og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um matið.

Nánari ákvæði um starfssvið gærumatsmanna skal setja í erindisbréfi, sem landbúnaðarráðherra gefur út að fengnum tillögum gærumatsformanns.

4. gr.

Gærumatsformanni og yfirkærumatsmönnum skulu greidd laun úr ríkissjóði í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna.

Laun gærumatsmanna greiða þeir aðilar, sem taka á móti gærum frá framleiðendum.

5. gr.

Yfirkærumatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og líta eftir gærumati og leiðbeina gærumatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í meðferð og frágangi gæra, eftir því sem við verður komið. Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, sem landbúnaðarráðuneytið úrskurðar.

6. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara sæta sektum frá 5 000 til 100 000 króna, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Sláturleyfishöfum skal veittur þriggja ára aðlögunartími frá gildistöku laga þessara til framkvæmda á ákvæðum 1. greinar. Ráðherra getur að þeim tíma liðnum veitt undanþágu frá ákvæðum 1. greinar, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núverandi lög um gærumat, lög nr. 11 frá 4. maí 1942, fjalla um meðferð á gærum við slátrun, söltun, geymslu og frágang til útflutnings. Í þeim eru engin ákvæði um flokkun á gærum við móttöku fjár frá einstökum hændum og aðeins heimildarákvæði um mat á gærum til kaupenda innanlands. Á þeim tíma, sem ofangreind lög voru sett, var meginhluti gæra fluttur úr landi óunnin.

Hin síðari ár hefur gærusúttun og skiuniðnaður í landinu farið mjög í vöxt. Samtímis þessu hafa aðferðir við fláningu breyst, frágangur gæra til sölu ein-

faldast, geymslutími á sláturstöðum lengst og kröfur kaupenda um gæði hráefnisins aukist. Þessar breyttu aðstæður valda því, að áðurnefnd lög um gærumat eru orðin úrelt.

Í ljós hefur komið, að forráðamenn gæruíðnaðar telja, að hreinni litir og betra ullarfar auki verðmæti gæranna. Jafnframt hefur komið skýrt fram, að verulegur mismunur hefur verið á meðferð gæranna í fláningu og geymslu, án þess að sláturleyfishafar hafi notið eða galdið þess í verði framleiðslunnar. Flokkun og mat gæranna, fyrst við slátrun og síðar við afhendingu til verksmiðjanna, þarf að verða virkur hvati til aukinnar vöruvöndunar á öllum stigum hráefnisframleiðslunnar.

Hér á eftir koma skýringar og rökstuðningur við einstakar greinar frumvarpsins ásamt ýmsum upplýsingum, sem fyrir liggja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein er nýmæli. Með henni er ákveðið, að allar gærur skuli metnar við móttöku í sláturhúsi. Gert er ráð fyrir, að gærurnar verði metnar á fénu lifandi af þar til kvöddum matsmönnum. Flokkun ráðist af aldri sláturfjár, lit og eðlisgæðum ullarinnar, en auk þess verði tekið tillit til ástands gæranna, svo sem óhreinda eða annarra galla. Hvítar, óskemmdar lambagærur verði flokkaðar í ekki færri en 2 flokka eftir lit og ullarfari. Aðrar gærur t.d. gráar, svartar o. s. frv. verði flokkaðar eftir litum og litbrigðum samkvæmt nánari flokkunarreglum, sem hægt verði að breyta eftir kröfum markaðarins. Gærumatsmaður skráir fjölda gæra í hverjum flokki, en sláturleyfishafi ákveður, hvort flokkunum er haldið aðskildum eftir fláningu.

Undanfarin fjögur ár hafa hvítar lambagærur verið flokkaðar á nokkrum sláturhúsum. Hafa flokkarnir yfirleitt verið tveir, 1. fl. alhvítar gærur með góðu ullarfari og II. fl. allar aðrar hvítar gærur. Svipuð flokkun hefur farið fram á lömbum á 4 ríkisbúum á vegum Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins í meira en 10 ár. Þar hefur komið í ljós, að tiltölulega mjög auðvelt er að breyta lit og ullarfari með vali líflamba í samræmi við þessa flokkun.

Um alllangt skeið hafa gráar gærur verið flokkaðar í allt að 5 flokka, og flokkunin ýmist farið fram á fénu lifandi eða á gærum eftir slátrun. Árið 1972 voru flokkaðar rúmlega 200 000 hvítar lambagærur í sláturhúsum auk gráu gæranna eða um 30% af öllum lambagærum. Er því komin nokkur reynsla á flokkun af þessu tagi.

Nú er með lagafrumvarpi þessu gert ráð fyrir, að lögfasta gæruflokkun og samræma hana. Lögð er áhersla á, að flokkunin verði einföld og ekki vinnufrek og gefi glöggar ábendingar um eðlisgæði gæra frá hverjum framleiðanda og hverjum sláturleyfishafa. Nauðsynlegt er, að verðmismunur hinna ýmsu flokka verði hvatning til, að framleiðendur aðlagi framleiðslu sína kröfum markaðarins. Lagafrumvarpið gerir ráð fyrir, að nánari ákvæði verði sett í reglugerð.

Um 2. gr.

Með þessari grein er ákveðið, að gærur skuli metnar við afhendingu frá sláturleyfishafa. Gert er ráð fyrir, að við það mat verði tekið tillit til, hvort gærurnar hafa orðið fyrir skemmdum í fláningu, kælingu, söltun eða geymslu.

Komið hefur í ljós í viðræðum við forystumenn í sútunariðnaði, að meðferð gæra er í ýmsu ábótavant og er þar mikill munur frá einum sláturleyfishafa til annars. Þessi mismunur hefur þó ekki haft áhrif á verð til sláturleyfishafanna hingað til. Forystumenn sútunariðnaðarins telja, að með bættri meðferð megi stórkæpa verðmæti hráefnisins og þar með hinnar fullunnar vöru. Mat á meðferðargöllum og verðlagningu í samræmi við það mat ætti að vera virkasta aðferðin til raunhæfra úrbóta á þeim atriðum í meðferð gæranna, sem göllumum valda.

Nefndin leggur því til, að núverandi „orginal“-gærur verði flokkaðar í tvo gæðaflokka og sé útkoman úr þeirri flokkun tilgreind í vottorði gærumatsmanns. Helstu meðferðargallar eru eftirfarandi:

1. Gallar á fláningu, svo sem röng fyrirrista, skurður á gærum eða gæurnar eru rifnar eða með blóðfleckjum.
2. Léleg kæling og söltun, sem veldur skemmdum í geymslu.
3. Ófullnægjandi hreinlæti og skortur á vandvirkni við frágang gæranna í geymslu.

Í vottorði því, sem matsmaður gefur við afhendingu gæranna á sölustað, skal getið niðurstaðna úr gæða- og litarflokkun við móttöku fjárins. Þá skal matsmaður meta og votta hversu fláning, söltun og geymsla hefur til tekist.

Um 3.—5. gr.

Í greinum þessum er fjallað um starfsmenn við gærumat. Er fyrirkomulag á ráðningu, starfstilhögun og kostnaði við starf þeirra í aðalatriðum í samræmi við ákvæði laga um kjötmat.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt er, að tími gefist til að þjálfa menn til starfa við gærumat og er því talið eðlilegt, að sláturleyfishöfum gefist nokkur frestur til að koma gærumati á.